



Reykjavíkurborg

## Reglur mannréttinda- og lýðræðisráðs um skyndistyrki fyrir árið 2019

Mannréttinda- og lýðræðisráði er heimilt að halda eftir allt að 50% samþykkrar heildarupphæðar styrkfjár til að bregðast við umsóknum sem berast utan auglýsts umsóknartíma, enda sé þá um að ræða umsóknir vegna atburða eða verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkja úthlutunar sbr 2. grein styrkjareglna mannréttinda – og lýðræðisráðs

Svokallaðir skyndistyrkir eru að jafnaði afgreiddir jafnóðum á fundum mannréttinda- og lýðræðisráðs. Ráðið fundar hálfsmánaðarlega, annan og fjórða fimmtudag hvers mánaðar. Umsóknir um skyndistyrki þurfa að berast mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu fyrir kl. 14.00 á á mánudegi fyrir undirbúningsfund ráðsins. Undirbúningsfundir eru haldnir fyrsta og þriðja mánudag hvers mánaðar.

Hægt er að sækja um skyndistyrki á árinu 2019 á með því að senda útfyllta umsókn á netfangið: [mannrettindi@reykjavik.is](mailto:mannrettindi@reykjavik.is)  
Eyðublaðið er að finna á vefsíðu mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Styrkumsóknir eru yfirfarnar af starfsfólki mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og lagðar fram á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs.

Gildandi verklag ráðsins, styrkjareglur borgarinnar og sérstakar áherslur ársins eru að öðru leyti hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu þessara styrkbeiðna, einkum hvað varðar mælikvarða við mat á umsóknum. Allar umsóknir skulu innihalda sundurliðaða kostnaðaráætlun, bæði hvað varðar gjöld og tekjur. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa veitir almenna ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi útfyllingu umsókna.

Styrkþegar skulu skila greinargerð til mannréttinda- og lýðræðisráðs innan árs frá því að styrkur var veittur þar sem greint er frá því hvernig styrkfé hefur verið varið. Ráðið áskilur sér rétt til að kalla eftir kvittunum vegna verkefnisins sem var styrkt

Félagasamtök eða stofnanir sem fá yfir eina milljón króna í styrki skulu skila til mannréttinda- og lýðræðisráðs samþykktum og endurskoðuðum ársreikning fyrir það starfsár sem styrkurinn var veittur ásamt endanlegu fjárhagsuppgjöri. Einstaklingar sem fá yfir eina milljón króna í styrki skulu skila endanlegu fjárhagsuppgjöri að verkefni loknum. Styrkþegum er skylt að skrifa undir samning við mannréttindaskrifstofu áður en styrkur er greiddur.

Samþykkt á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs 24.01.2019.